



Fréttabréf Kvenréttindafélags Íslands

Hallveigarstöðum v/Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sími 551 8156 Netfang krfi@krfi.is www.krfi.is

4 tbl. 2010 Útgefandi Kvenréttindafélag Íslands. Ábm. Halldóra Traustadóttir

Jólafundur

Hinn árlegi jólafundur Kvenréttindafélags Íslands verður haldinn í samkomusal Hallveigarstaða við Túngötu 14, Reykjavík, þriðjudaginn 7. desember kl. 20. Líkt og undanfarin ár fer fundurinn fram í samstarfi við Kvennasögusafn Íslands.

Allir félagar og gestir þeirra eru velkomnir á fundinn.

Dagskrá

- 20.00 Ávarp: Helga Guðrún Jónasdóttir, varaformaður KRFÍ
- 20.15 Erindi: Auður Styrkarsdóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands
- 20.30 Upplestur úr nýjum jólabókum
- 21.00 Kaffihlé
- 21.15 Jólhappdrætti KRFÍ
- 22.00 Fundarlok

Á fundinum verða merkisspjöld, kort og taupokar KRFÍ til sölu ásamt þeim bókum sem lesið verður úr.

* KRFÍ hvetur alla féлага sem ekki hafa gengið frá greiðslu félagsgjalda fyrir tímabilið 2010-2011 að gera það við fyrsta tækifæri *

Á döfinni

Ekkert samfélag er laust við kynbundið ofbeldi! Hið árlega **16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi hófst 25. nóv. sl.** Átakið var fyrst haldið árið 1991 og er markmið þess að vekja athygli á þeim grófu mannréttindabrotum sem kynbundið ofbeldi felur í sér. Hópar og samtök um allan heim sæta lagi á þessum tíma árs til að þrýsta á um bætta réttarstöðu þolenda og krefjast aðstoðar og stuðnings þeim til handa.

Yfirskrift átakans í ár er: ***Berjumst gegn ofbeldi á konum á áttaksvæðum.*** Á Íslandi verður áhersla lögð á ábyrgð gerenda í ofbeldismálum.

Súpufundur 10. desember 2010

Framlag KRFÍ til átakans verður súpufundur sem haldinn verður á lokadegi þess í samkomusal Hallveigarstaða, föstudaginn 10. desember nk. kl. 12.00-13.00. Yfirskrift fundarins er:

Góðglaðar í allt of stuttum þilsum - Staða kynferðisafbrotamála á Íslandi

Erindi flytja Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra og Sigríður J. Hjaltested, aðstoðarsaksóknari hjá lögregluembættinu í Reykjavík. Aðdraganda fundarefnisins má rekja til ummæla starfsmanns hjá embættinu þess efnis, að konur gætu kallað yfir sig kynferðislegt ofbeldi með of mikilli neyslu áfengis.



KRFÍ á staðinn - súpufundur á Selfossi 20. janúar nk.

KRFÍ heldur súpufund á Selfossi, fimmtudaginn 20. janúar nk. um jafnréttismál í sveitarfélaginu. Fundurinn verður í Tryggvaskála við Ölfusárbrúna, kl. 12.00-13.00 og er haldinn í samvinnu við Kvenfélag Selfoss.



Stefna ESB í jafnréttismálum - súpufundur í febrúar nk.

Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands í viðræðum við Evrópusambandið, mun flytja erindi á súpufundi KRFÍ í febrúar á næsta ári. Á fundinum fræðir Stefán Haukur gesti fundarins um ferlið framundan og hvaða áherslur Ísland leggi í viðræðunum, einkum á jafnréttismálin. Einnig verður tími til fyrirspurna. Nánar verður sagt frá fundinum í næsta fréttabréfi KRFÍ.

Súpufundir KRFÍ - Öflugur vettvangur jafnréttisumræðunnar.

Allir eru velkomnir á súpufund Aðgangur er ókeypis. Súpa og brauð í boði félagsins.



KRFÍ óskar öllum félögum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

